



Skólaþing sveitarfélaga 2019 verður haldið á Grand hóteli mánudaginn 4. nóvember. Yfirskrift þingsins að þessu sinni er: Á réttu róli?

Megináhersla þingsins mun verða á framtíðarskipan skólakerfisins og leitað verður svara við stóru spurningunni: *Hvernig er núverandi skipan skólakerfisins að þjóna nemendum og áskorunum um menntun til framtíðar?*

- Leitað verður eftir sjónarmiðum stjórnámálamanna, fræðimanna, skólafólks og „óbreyttra“ og síðast en ekki síst ungs fólks.
- Eins og venja er fá þátttakendur skólaþingsins að segja sína meiningu því umræðuhópar verða starfandi bæði fyrir og eftir hádegi.
- Dagskráin hefst kl. 8:30 og henni lýkur um kl. 16:00.
- Dagskráin er í mótun og verður send út og sett á vefmiðla um leið og hún liggur fyrir.
- Sveitarstjórnarfólk, starfsfólk og stjórnendur skóla og fræðslumála, er hvatt til þess að **merkja við 4. nóvember** og taka þátt í þessari áhugaverðu og brýnu umræðu.